

SJÖSTRAND

FYRIRTÆKJALOUSNIR





SJÖSTRAND ESPRESSO KAFFIVÉLIN 1-30 BOLLAR Á DAG

Sjöstrand kaffivélin er tímalaus og klassísk skandinavísk hönnun úr ryðfríu stáli með glansandi áferð. Vélin er búin háþrýstipumpu (19 barómetrar) sem, ásamt heitu vatni við rétt hitastig, tryggir að öll bragðefni kaffisins komi fram í fullkomnu jafnvægi.

Sjöstrand vélin hentar fyrir upp undir 30 bolla á dag og er vænlegur kostur fyrir minni vinnustaði, skrifstofur, hótélherbergi, fundarherbergi, vinnustofur og verslanir.

SJÖSTRAND MJÓLKURFLÓARINN

Flóarinn er úr ryðfríu stáli og passar fullkomlega við Sjöstrand espressóvélin. Cappuccino, latte eða heitt súkkulaði – með Sjöstrand mjólkurflóaranum er með einföldum hætti hægt að hella upp á sinn uppáhalds bolla. Mjólkin er hituð upp í rétt hitastig án þess að þú þurfir að fylgjast með eða hafa áhyggjur.

ER EKKI KOMINN KAFFITÍMI?

GRÆNN VINNUSTAÐUR - UMHVERFISVÆN OG BRAGÐGÓÐ KAFFILAUSN FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

Sjöstrand býður upp á umhverfisvænan valmöguleika fyrir fyrirtæki, hótél og aðra vinnustaði. Með því að sameina einfaldleika, hreinlæti og sjálfbærni í bragðgóðum bolla er Sjöstrand kjörinn kostur fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

Grunnhugmyndin á bakvið Sjöstrand er að bjóða uppá vörur í klassískri hönnun sem standast tímans tönn og passa í hvaða rými sem er. Sjöstrand kaffihylkin innihalda 100 prósent lífrænt ræktað og Fairtrade vottað kaffi, hylkin brotna niður í náttúrunni og kolefnisspor er bætt að fullu (og rúmlega það), allt frá baun í bolla.



OCEAN - MINNI FYRIRTÆKJAVÉL 20-40 BOLLAR Á DAG

Einföld og stílhrein kaffivél fyrir litla og meðalstóra vinnustaði. Vélin lagar dýrindis kaffi með einum smelli og er búin sérstökum búnaði sem sleppir hylki sjálfvirkt í hylkjahólf eftir hvern bolla. Hægt að velja um espresso, lungo, americano eða heitt vatn af sér stút, aðskilinn frá kaffinu.

Ocean vélin hentar vel fyrir < 10 manna skrifstofur, í fundarherbergi, móttökur eða sem aukavél samhliða stærri vélum okkar.



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR


- Fyrir Sjöstrand kaffihylki
- 2 lítra vatnstankur
- Hylkjahólf fyrir 20 hylki
- Auka stútur fyrir heitt vatn (tevatn)
- 6 valmöguleikar á kaffidrykkjum
- Pláss fyrir ca. 6-8 bolla ofaná vél (upphitaðir)
- Hægt að stilla hita á kaffi (4 stillingar)
- Stærð: 34 x 25 x 29 cm
- Þyngd: 7,2 kg





TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

- Fyrir Sjöstrand kaffihylki
- 4 lítra vatnstankur (fyllt á að framan)
- Tvö hylkjahólf fyrir 50 kaffihylki
- 7 tommu skjár (hægt að hlaða inn skjámynd)
- 2 kaffistöðvar
- Pláss fyrir um 25 kaffibolla ofaná vél (upphitaðir)
- 2 x 1300 W hitablokkir
- 1450 W ketill fyrir mjólkurflóun og tevatn
- Orkusparnaðarstilling
- Stærð: 55 x 48,5 x 46 cm
- Þyngd: 28 kg
- Fáanleg með handvirkri eða sjálfvirkri mjólkurflóun
- Fáanleg með beinni tengingu við vatn eða vatnstanki



SUMATRA - TVÖFÖLD FYRIRTÆKJAVÉL 40-100 BOLLAR Á DAG

Fallega hönnuð og sennilega ein fullkomnasta hylkjavélin á markaðnum. Vélin er hönnuð í Sviss, smíðuð á Ítalíu og minnir óneitanlega á klassíska ítalska espressóvél. Einföld í notkun og framreiðir kaffidrykki í miklum gæðum, á stuttum tíma og fylgja öll þægindi kaffihylkis. Viðhald á vélinni er í lágmarki og á henni er að finna tvær kaffistöðvar, auka stút fyrir sjóðandi heitt tevatn og möguleika á sjálfvirkri mjólkurflóun.

Sumatra vélin hentar meðal annars fyrir hótél, veitingastaði, ráðstefnusali, fundarherbergi, morgunverðarhlaðborð, biðstofur og skrifstofur. Notkun vélar krefst lítillar færni frá starfsfólki/notendum og framreiðir á sama tíma stöðuga, hágæða kaffidrykki.





TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

- Fyrir Sjöstrand kaffihylki
- Fáanleg með 2 eða 3 kaffistútum
- 5 lítra vatnstankur
- Beintenging við vatn möguleg
- Hylkjahólf fyrir 40 kaffihylki
- Stútur fyrir tevatn og mjólkurfloun
- Pláss fyrir um 20 kaffibolla ofaná vél (upphitaðir)
- Orkusparnaðarstilling
- Stærð: 54x44x35 cm (3 stútar - 54x44x46 cm)
- Þyngd: 34 kg (3 stútar - 39 kg)
- Fáanleg með handvirkri eða sjálfvirkri mjólkurfloun
- Mögulegt að láta kaffihylki falla beint í rusl



NICE - OKKAR AFKASTAMESTA VÉL 50 - 300 BOLLAR Á DAG

Nice vélin ræður við allt að 120 bolla á klukkstund og er einstaklega þægileg í notkun. Vélin er hönnuð og smíðuð í Nice í Frakklandi og býr yfir sérstakri tækni sem losar sjálfvirkt hylki í hylkjahólf eftir hvern bolla. Vélin er einföld í notkun og framreiðir lífrænan og bragðgóðan bolla á örskotsstundu. Vélin býður m.a. uppá að laga tvöfaldan espresso með tveimur hylkjum. Eins og í öðrum hylkjavélum er viðhald í lágmarki, á henni eru að finna 2-3 kaffistöðvar, auka stút fyrir heitt vatn og stút fyrir mjólkurfloun.

Nice vélin hentar meðal annars fyrir stærri fyrirtæki, hótél, veitingastaði, ráðstefnusali, fundarherbergi, morgunverðarhlaðborð og biðstofur. Notkun vélar krefst lítillar færni frá starfsfólki/notendum og framreiðir á sama tíma stöðuga, hágæða kaffidrykki.





KAFFIÐ OKKAR

KAFFIHYLKI Á VINNUSTAÐ?

Það eru ýmsir kostir sem fylgja því að bjóða uppá kaffihylki á vinnustöðum. Helst ber að nefna hreinlæti og viðhald, hylkjavélarnar halda viðhaldskostnaði í algjöru lágmarki á meðan hreinlæti er í hámarki. Sjöstrand býður uppá 5 mismunandi kaffitegundir og geta allir starfsmenn drukkið sitt uppáhald úr einni og sömu vélinni. Vélarnar eru einfaldar í notkun, hraðvirkar og hljóðlátar. Hylkjakaffið helst alltaf ferskt, sem er mikill kostur miðað við kaffi á öðru formi, og hægt er að gera ráð fyrir fullri nýtingu á kaffikaupum.

SJÖSTRAND KAFFIHYLKIN

Umhverfisvænu hylkin frá Sjöstrand eru þau fyrstu sinnar tegundar heiminum og taka sjálfbærni skrefinu lengra. Hylkin eru gerð úr plöntutrefjum og sterkju, brotna niður í náttúrunni og má henda með lífrænum úrgangi. Sjöstrand sér til þess að hvert hylki skilur eftir sig jákvæð áhrif á umhverfið sem þýðir að kolefnisfótspor, frá baun til bolla, er bætt að fullu og rúmlega það. Kaffihylkin frá Sjöstrand eru fyllt með gómsætu kaffi – 100% lífrænt ræktað og Fairtrade vottað.



Niðurbrotanleg hylki




100% lífrænt kaffi



Fairtrade vottað kaffi



Ekkert kolefnisspor



Bragðgóður bolli



10 hylki / 100 hylki

ESPRESSO 01



Kraftmikill dökkur espresso með reyktum tónum af dökku súkkulaði og eftirbragði með góðri fyllingu.

N°1 er einstök blanda af Arabica kaffibaunum frá Perú, Mexíkó, Hondúras og Indónesíu.



10 hylki / 100 hylki

ESPRESSO 02



Sterkur ítalskur espresso með tónum af dökkum ávöxtum, ríkulegt eftirbragð með mildum biturleika.

N°2 er vel valin blanda af Arabica kaffibaunum frá Perú, Mexíkó, Hondúras og Kólumbíu.



10 hylki / 100 hylki

LUNGO 03



Þægilegur lungo í einstöku jafnvægi með léttum cítrus tónum og mildu eftirbragði.

N°3 er góð blanda af Arabica kaffibaunum frá Perú, Mexíkó og Hondúras.



10 hylki / 100 hylki

ESPRESSO DECAF 04



Mildur og góður koffínskertur bolli í einstöku jafnvægi með tónum af sítrus og dökku súkkulaði.

N°4 er tilvalinn síðdegis- eða kvöldbolli, blanda af Arabica kaffibaunum frá Perú, Mexíkó og Hondúras.



10 hylki / 100 hylki

ESPRESSO & LUNGO 05



Dökkristað til að draga fram sætu súkkulaðsins í Arabica baununum, örlitill karamellukeimur.

N°5 hentar bæði sem espresso og lungo, blanda af Arabica baunum frá Perú, Mexíkó og Hondúras.

NÁTTÚRULEGA

SJÖSTRAND

BETRI BOLLI

Sjöstrand á Íslandi
Halba ehf.
Hólmaslóð 4
101 Reykjavík

Frekari upplýsingar:
sjostrand.is
sjostrand@sjostrand.is
s. 868-4567